

Sératkvæði Ragnars Ólafssonar.

Í málinu er viðurkennt, að stefnda var kunnugt um efni kauptaxta þess, sem Trésmiðafélag Reykjavíkur auglýsti 8. apríl s.l., og gekk í gildi 11. s. m.

Hvorki stefndi né vinnuveitendasambandið mótmæltu kauptaxtanum eftir að hann var auglýstur fyrr en á fundi 30. apríl, með bréfi 4. maí og auglýsingu í Ríkisútvarpinu 5. maí. Frá 10. apríl til 7. maí greiddi stefndi trésmiðum, sem voru í hans þjónustu, kaup samkvæmt hinum auglýsta kauptaxta fyrirvaralaust og sendi kaupskrár þannig frágengnar vikulega á skrifstofu Trésmiðafélags Reykjavíkur. Þykir stefndi með þessum aðgerðum hafa viðurkennt hinn auglýsta kauptaxta, svo sem hann hefði undirskrifað kaup og kjarasamning. Ber því að taka kröfur stefnanda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Kauptaxti, sem stefnandi auglýsti 8. apríl s.l. og gekk í gildi 11. s. m., er viðurkenndur af stefnda og gilda því um hann ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1938.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 1. júní 1949.

Nr. 9/1949.

Alþýðusamband Íslands f. h.

Vélstjórafélags Ísfirðinga

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

gegn

H/f Nirði (Björgvin Sigurðsson hdl.)

Varadómari Ragnar Jónsson

í stað Gunnlaugs E. Briem.

Úrskurður um öflun frekari gagna.

Úrskurður.

Aður en dómur verður lagður á mál þetta þykir rétt með tilvísun til 56. gr. laga nr. 80/1938, að leita frekari upplýsinga um eftirtalin atriði:

1. Aðiljar eru sammála um það, að II. gr. í samningi þeirra, dags. 28. des. 1946, (rskj. 9) hafi verið framkvæmd svo, að

þegar ekki hefur aflazt svo mikið á veiðum þeim, sem grein þessi fjallar um, að náð hafi þeirri lágmarkskaupstryggingu háseta, sem vísað er til í umræddum samningi, þá hafi vélstjórum verið greidd kauptrygging jafnt hásetum, en hálfa eða fjórðungshlutinn, sem þeir eiga að fá samkvæmt ákvæðum greinarinnar, hafi þeir fengið úr raunverulegum afla, en ekki hiutfallslega greiðslu, er miðuð væri við kauptryggingu háseta. Í sambandi við þetta atriði er óskað upplýsinga um það: *Hvenær hófst þessi framkvæmd? Byggist hún upphaflega á samskonar samningsákvæðum og þeim, er nú gilda milli aðilja samkvæmt II. gr. greinds samnings? Hversu oft hafa aðilar samið síðan þessi framkvæmd hófst?*

2. Hversu gömul eru þau ákvæði a-liðs III. gr. í greindum samningi, að vélstjórar fái tiltekinn hundraðshluta af afla á herpinótaveiðum. Hafa annars konar ákvæði áður verið í gildi um skiptingu afla milli skipverja á nefndum veiðum?

5. Hvernig hefur verið gert upp við vélstjóra á síldveiðum samkvæmt C-lið III. gr. oft nefnds samnings (hringnóta- og reknetjaveiðar), ef ekki hefur aflazt svo að næði kauptryggingu háseta?

4. Hvernig hefur hásetahluturinn verið reiknaður vélstjórum, þegar gert hefur verið upp við þá samkvæmt II. gr. samningsins, þegar ekki aflaðist fyrir kauptryggingu háseta, þ. e., hafa vélstjórum verið færðir til tekna fæðispeningar samkvæmt kauptryggingarákvæðum sjómanna auk þeirra fæðispeninga, sem þeim eru sérstaklega tryggðir í samningnum?

5. Var Vélstjórafélagi Ísfirðinga kunnugt um þau reikningsskil m/b Richards og Hugins I 1947, sem um getur í rskj. 15?

Framangreindra upplýsinga skal aflað svo fljótt, sem unnt er og annarra þeirra gagna aflað, sem skýrslur um framangreind atriði gefa efni til.

Því úrskurðast:

Aflað skal framangreindra upplýsinga svo fljótt sem unnt er.